

Miðvikudaginn 6. nóvember 1974.

Nr. 32/1973: **Sveinn Þormóðsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Iðnaðarbanka Íslands h/f
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Víxilmál. Fölsun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. febrúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og að fjárnámsgerð, sem framkvæmd var í fógetarétti Reykjavíkur hinn 2. ágúst 1972 með hinn áfrýjaða dóm að aðfararheimild, verði úr gildi felld. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Hann andmælir eigi þeirri kröfu áfrýjanda, að framangreind fjárnámsgerð verði felld úr gildi.

Áfrýjandi reisir kröfu sína um sýknu af víxilkröfu stefnda á því, að nafn hans sé falsað á víxli þeim, sem er grundvöllur málssóknar stefnda gegn áfrýjanda, og vísar í því efni til gagna, sem rakin eru hér síðar.

Stefndi andmælir því, að nafn áfrýjanda sé falsað á víxlinum, og jafnframt er því andæft af hans hálfu, að þessi vörn komist að í málinu, sbr. 45. gr. laga nr. 57/1962, nú 45. gr. laga nr. 75/1973, enda hafi áfrýjanda verið löglega stefnt til bæjarþings í málinu og hafi verið í lófa lagið að setja fram málsvörn þessa í héraði.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, sem fram er lögð fyrir Hæstarétti, gekkst Kristín Sveinsdóttir, sem var ábekingur á víxlinum, við því fyrir rannsóknarlögreglu hinn 20. október 1972 að hafa ritað heimildarlaust á víxilinn nafn áfrýjanda sem útgefanda og Más Þorvalds-

sonar sem samþykkjanda. Samkvæmt sömu skýrslu bar Már Þorvaldsson fyrir rannsóknarlögreglu hinn 1. nóvember 1972, að nafn hans væri skráð heimildarlaust á víxil þenna. Áfrýjandi kom fyrir rannsóknarlögreglu hinn 8. nóvember s. á. og kvað nafn sitt ritað heimildarlaust á víxilinn. Með dómi sakaðóms Reykjavíkur 2. nóvember 1973 er talið sannað, að Kristín Sveinsdóttir hafi falsað framangreindan víxil, og er henni dæmd refsing fyrir það atferli samkvæmt 115. gr. almennra hegningarlaga.

Fölsunarmótbáru verður við komið í víxilmáli, sbr. 1. málsgrein 208. gr. laga nr. 85/1936. Svo sem að framan greinir, gekkst Kristín Sveinsdóttir við því fyrir rannsóknarlögreglu, röskun 3 mánuðum eftir að héraðsdómur gekk, að hún hafi ritað nafn áfrýjanda heimildarlaust á víxilinn. Telja verður, að það mundi valda áfrýjanda verulegum réttarspjöllum, ef mótbára hans væri eigi tekin til úrlausnar fyrir Hæstarétti. Þykir 45. gr. laga nr. 57/1962, sbr. nú 45. gr. laga nr. 75/1973, eigi skjóta loku fyrir, að vörn þessi komist að í málinu, svo sem hér hagar til, þrátt fyrir andmæli stefnda.

Samkvæmt framansögðu verður að leggja til grundvallar í málinu, að nafn áfrýjanda sé heimildarlaust ritað á víxil þann, sem málssókn stefnda gegn áfrýjanda er á reist. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Samkvæmt þessu ber og að fella úr gildi fjárnámssgerð, sem framkvæmd var í fógetarétti Reykjavíkur hinn 2. ágúst 1972 á grundvelli hins áfrýjaða dóms. Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði, og verður því að dæma hann til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Sveinn Þormóðsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Íðnaðarbanka Íslands h/f, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. júní s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. júní s.l., af Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík, gegn Má Þorvaldssyni, Grettisgötu 55, Reykjavík, áður, en samkvæmt vottorði stefnuvotta nú til heimilis að Veghúsastíg 3, Reykjavík, Sveini Þormóðssyni, Ásgarði 7, Reykjavík, og Kristínu Sveinsdóttur, Grettisgötu 55, Reykjavík, áður, en samkvæmt vottorði stefnuvotta nú til heimilis að Veghúsastíg 3, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð krónur 20.000.00, útgefins 12. janúar 1972 af stefnda Sveini og samþykkt af stefnda Má til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands h/f hér í bæ 12. apríl 1972, en á víxli þessum, sem var afsagður vegna greiðslufalls 14. apríl 1972, eru útgefandi og Kristín Sveinsdóttir ábekingar.

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 20.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 12. apríl 1972 til greiðsludags, kr. 180.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing og er þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með löglegri heimild, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 5.500.00.

Kristín Briem, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Már Þorvaldsson, Sveinn Þormóðsson og Kristín Sveinsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík, kr. 20.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 12. apríl 1972 til greiðsludags, kr. 180.00 í afsagnarkostnað og kr. 5.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámssgerð fógetaréttar Reykjavíkur 2. ágúst 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 2. ágúst, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Ásgarði 7 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A - 1684/1972: Iðnaðarbanki Íslands gegn Sveini Þormóðssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 8104/1972. Nr. 1 fylgir með í eftirriti, nr. 2 í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Ara Ísbergs héraðsdómslögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 20.000.00 með 1% mánaðarvöxtum frá 12. apríl 1972 til greiðsludags, kr. 470.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 180.00 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 5.500.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Pétur Þorsteinsson sem býr/starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt/greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign/arhluta gerðarþola í húseigninni nr. 7 við Ásgarð.

Gerðarþola var tilkynnt um fjárnámið með ábyrgðarbréfi. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.